

**Fræðslumorgunn hjá leikskólasviði Reykjavíkur 18. mars 2010**

## **Raddir barna**

### **Sýn grunnskólabarna á leikskóladvöl sína Umsjón: Jóhanna Einarsdóttir prófessor við HÍ**

Markmið þessa hluta rannsóknarinnar er að auka þekkingu á viðhorfum og reynslu barna í fyrsta bekk grunnskóla af leikskóladvölinni. Rannsóknin mun varpa ljósi á hvernig grunnskólabörn minnst leikskóladvalarinnar. Þátttakendur eru 40 grunnskólabörn, úr tveimur grunnskólum í Reykjavík. Við rannsóknina eru notaðar aðferðir sem falla undir eiginlegar rannsóknaraðferðir og byggja á hæfni barna og einstaklingsmun. Tekin voru hópviðtöl við börnin þar sem leitað var eftir þeirri merkingu sem þau leggja í reynslu sína af leikskólagöngunni. Viðtölin voru hálf-skipulögð og voru börnin beðin að rifja upp leikskóladvöl sína og það sem þeim er minnisstæðast úr leikskólanum.

### **Hvernig nýta börn í 1. bekk reynsluna sem þau fengu í leikskólanum Umsjón: Sigríður Sturludóttir M.A. nemi við HÍ**

Markmiðið með rannsókninni er að skoða hvernig og hvort börn nýta sér þá reynslu, þekkingu og færni sem þau hafa fengið í leikskólanum á fyrsta árinu sínu í grunnskóla. Gildi og tilgangur rannsóknarinnar felst í að vekja athygli á viðhorfum barna og hlusta á það sem þau hafa að segja um skólastarf og aðlögun þeirra í breyttu skólaumhverfi. Þannig má stuðla að bættu skólastarfi sem kemur til móts við þarfir hvers einstaklings. Eftirfarandi rannsóknarspurning verður höfð að leiðarljósi við öflun og úrvinnslu gagna:

Hvernig nýta börn í 1. bekk í grunnskóla reynsluna úr leikskólanum?

### **Þátttaka ungra barna í leikskólalífinu Umsjón: Hrönn Pálmadóttir og Guðrún Bjarnadóttir**

Uppeldi og menntun barna hefur á síðustu áratugum færst í ríkara mæli inn í leikskóla. Að undanfögnu hefur athygli fræðimanna beinst að því hvernig lýðræði endurspeglast í leikskólastarfi en rannsóknir hafa að mestu tengst eldri börnum og réttindum þeirra þátttöku og áhrifa. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig yngstu leikskólabörnin láta í ljósi áhuga sinn og vilja til þátttöku í leikskólastarfi og hvernig þau eru studd af starfsfólki. Jafnframt beinist rannsóknin að sýn leikskólakennara á þátttöku og námsreynslu barnanna. Tilgangurinn er að afla þekkingar og varpa ljósi á tjáningarleiðir og þátttöku ungra barna í leikskólum og hvaða sýn börn og leikskólakennarar hafa á hana.

## **Þátttaka barna í áætlanagerð, mati og umbótum á leikskólastarfi**

### **Umsjón: Anna Magnea Hreinsdóttir**

Tilgangur verkefnisins er að skoða viðhorf barna á ýmsum þáttum í daglegu lífi þeirra og skólagöngu. Í þeim þætti rannsóknarinnar sem ég skoða verður þátttaka barna í mati og áætlanagerð á leikskólastarfi skoðuð og hvaða leiðir eru farnar til að tryggja hana. Einnig er athugað hvernig niðurstöður á mati barna eru nýttar og hvort að þær leiði til endurbóta og breytinga í starfi.

Eftirfarandi rannsóknarspurningar leiða rannsóknina.

- Hvert er viðhorf barna til kennslu og uppeldis í leikskólanum?
- Hvert er viðhorf barna til aðbúnaðs þeirra í leikskólanum?
- Hvaða leiðir eru farnar til að tryggja þátttöku barna í skipulagi starfsins?
- Hvaða leiðir eru farnar til að tryggja þátttöku barna í mati á starfinu?
- Hvernig eru niðurstöður matsins nýttar?

## **Raddir ungra barna með fötlun eða sérþarfir**

### **Umsjón: Elsa Sigríður Jónsdóttir fv. lektor við HÍ**

Tilgangur rannsóknarinnar var að hlusta eftir röddum barna með fötlun eða sérþarfir. Mikið hefur verið fjallað um þessi börn út frá vandkvæðum þeirra og skerðingu en minna um að leitast væri eftir því að heyra hvað börnin sjálf hefðu að segja um sig sjálf, félag sína og skólagöngu. Markmið rannsóknarinnar var því að kynna hvernig börnunum líður í skólanum og skoðunum þeirra á viðfangsefnum skólans. Draga fram sterkar hliðar barnanna og skoða hvernig þær birtast í þátttöku í skólastarfinu. Einnig að kynna sjálfsskilningi þeirra, daglegu lífi og tengslum við önnur börn. Rannsóknarspurningar eru:

- Hvernig birtist vilji og áhugi barnanna í daglegu starfi í skólanum?
- Hvað segja börnin um sig sjálf og tengsl sín við aðra, fullorðna og börn?

## **Sýn barna á hlutverk kynjanna**

### **Umsjón: Þórdís Þórðardóttir lektor við HÍ**

Meginmarkmið þessarar rannsóknar er:

- Að láta raddir leikskólabarna heyrast –afla þekkingar á þeirra hugmyndum um hlutverk kynjanna, jafnstöðu og mismun
- Að afla upplýsinga um hugmyndir og upplifanir 4-6 ára íslenskra leikskólabarna um kynhlutverk, tengsl hlutverkanna við athafnir, útlit, eiginleika, samskipti og aðstæður einstaklinga.
- Að skapa nýja þekkingu á upplifunum og reynslu barna sem gagnast við skipulagningu á námi þeirra í leikskóla

## **Sýn leikskólabarna á eigið nám, ígrundun þeirra og þátttaka í mati.**

**Umsjón: Bryndís Garðarsdóttir og Kristín Karlsdóttir**

Rannsókninni er ætlað að fylgja og skrá ferli leikskólakennara sem skrá námssögur (e. learning stories) barna. Hvernig sjónarmiðum barna er mætt og til hvers það leiðir, bæði fyrir börn og fullorðna.

Rannsóknarspurningarnar sem leiða rannsóknina eru:

- Hvernig hefur skráning og ígrundun á námssögum áhrif á sýn og aðferðir í starfi með börnum?
- Hvernig eru sjónarmið barna virt og stuðlað að þátttöku þeirra í að gera eigið námsferli sýnilegt?

## **Hugmyndir fjögurra ára barna á leikskóla um bein og líffæri.**

**Umsjón: Gunnhildur Óskarsdóttir, dósent HÍ**

Markmið þessa hluta rannsóknarinnar var:

- að kanna hugmyndir fjögurra ára barna á líkamanum (staðsetningu, útlit og hlutverk beina, vöðva og ákveðinna líffæra).
- að bera saman við niðurstöður rannsóknar minnar á hugmyndum 6 ára barna um sama efni.

**Kolbrún Pálsdóttir, doktorsnemi og aðjúnkt við HÍ**